

Tillaga til 497. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 1. september 2022

Tillaga frá 1208. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 29. ágúst 2022, um að samþykkja umsögn Ísafjarðarbæjar um strandsvæðaskipulag Vestfjarða, en umsögnin er fylgiskjal með tillögu þessari, dags. 30. ágúst 2022.

3. Strandsvæðaskipulag Vestfjarða - 2018070017

Á 590. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, þann 15. ágúst 2022, var lögð fram umsögn skipulags- og mannvirkjanefndar um tillögu að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja umsögnina.

Málið var tekið fyrir á 1207. fundi bæjarráðs, þann 22. ágúst 2022, í sumarleyfi bæjarstjórnar, þar sem bókað var að umræður um strandsvæðaskipulag Vestfjarða og umsögn skipulags- og mannvirkjanefndar hafi farið fram og ákvað bæjarráð taka málið aftur fyrir á næsta fundi.

Er málið nú tekið fyrir á nýjan leik í bæjarráði, í sumarleyfi bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur undir umsögn skipulags- og mannvirkjanefndar, þó með lítilsháttar breytingum. Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna frekar að umsögninni í samræmi við umræður á fundinum og leggja uppfærða umsögn um strandsvæðaskipulag Vestfjarða fyrir bæjarstjórn til samþykktar.